

Reykjavík 12. ágúst 2022

Efni: Umsögn Creditinfo Lánstraust hf. um drög að reglugerð um heimild einkaaðila til að birta gögn í stafrænu pósthólf, (mál nr. 116/2022).

Creditinfo Lánstraust hf. hefur kynnt sér áform um reglugerðarsetningu frá Fjármálaráðuneytinu, dags. 6. júlí 2022, sem lýtur að birtingu einkaaðila í stafrænu pósthólf.

Félagið fagnar þeim áformum stjórnvalda að kveða á um reglugerð um heimild einkaaðila til að birta gögn með rafrænum hætti inn á stafrænt pósthólf á www.island.is en telur að rýmka þurfi gildissvið reglugerðarinnar til fleiri aðila sem annast verkefni sem kveðið er á um í lögum eins og fjárhagsupplýsingastofur, á grundvelli eftirfarandi raka og sjónarmiða.

- Creditinfo Lánstraust hf. er fjárhagsupplýsingastofa sem starfar á grundvelli starfsleyfis frá Persónuvernd skv. 15. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Starfsleyfið tekur til heimilda félagsins til söfnunar og miðlunar upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila í því skyni að miðla þeim til annarra, auk gerðar og afhendingar skýrsla um lánshæfi. Samkvæmt 5. kafla starfsleyfisins (gr. 5.1 og 5.1.4) er félaginu skylt að senda einstaklingum og lögaðilum í bréfpósti tilkynningar um fyrirhugaðar skráningar á vanskilaskrá og tilkynningar um uppflettingar áskrifenda í starfsleyfisskyldum skráum félagsins á skráð lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Vakin er athygli á því að þróunin er á þá leið að endursendingum á ofangreindum bréfum hefur verið að fjölga til félagsins síðastliðin ár.
- Á grundvelli starfsleyfi Persónuverndar sendir Creditinfo Lánstraust hf. að meðaltali 3.400 tilkynningarbréf á mánuði til einstaklinga og lögaðila um fyrirhugaðar skráningar á vanskilaskrá og uppflettingar. Árlega eru því send um 41.000 bréf í bréfpósti til einstaklinga og lögaðila. Kolefnissporið við prentun, pökkun og útsendingu bréfanna er verulegt en samkvæmt greiningu PitneyBowes er losun koldíoxíðs á hvert bréf um 25-33 gCO₂e séu allir þættir lífhrings teknir fyrir, þ.e framleiðsla á bréfi, útburður og urðun. Í tilviki Creditinfo Lánstraust hf. er losun vegna bréfasendinganna í kringum 1-1,3 tonn af CO₂e á ári.
- Breytingartillaga félagsins er því í takti við auknar kröfur um umhverfisvæna kosti umfram óumhverfisvæna sem og sjálfbæra starfsemi en breytingin hefði í för með sér töluverð umhverfisáhrif og lækkun á kolefnisspori.
- Þá hafa viðskiptavinir félagsins um árabíl verið að leita leiða til að draga úr almennum póstsendingum hvað þessar tilkynningar varðar meðal annars með tilliti til umhverfissjónarmiða, kostnaðar en ekki síst persónuverndar og öryggisþátta enda eru upplýsingar veittar á aðgangsstýrðum svæðum mun öruggari en almennar bréfasendingar sem geta lent í höndum þriðja

aðila. Með rafrænum tilkynningum með sannanlegum hætti má tryggja enn frekar persónuvernd við vinnslu persónuupplýsinga. Þá er beinlínis gert ráð fyrir því í almennu persónuverndarreglugerðinni nr. 2016/679 (GDPR) sem lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga byggja á að unnt sé að birta upplýsingar til hins skráða á rafrænu formi meðal annars til að uppfylla fræðsluskyldu ábyrgðaraðila sbr. 12. gr. reglugerðarinnar.

- Krafa um sendingu í bréfpósti á lögheimili einstaklinga og fyrirtækja er úrelt og ekki í samræmi við þær tækniframfarir sem hafa átt sér stað undanfarin misseri. Langflest nútíma samskipti borgara við yfirvöld og þjónustuaðila eru orðin stafræn. Þrátt fyrir það má ennþá finna í íslenskri löggjöf lög og reglur sem skylda einkaaðila að senda einstaklingum og lögaðilum tilkynningar með bréfpósti, rétt eins og starfsleyfi Persónuverndar.
- Loks tæki breytingin mið af stafrænni vegferð og stefnu stjórnvalda samkvæmt 1. gr. l. nr. 105/2021 um að meginboðleið stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila verði stafræn og miðlæg á einum stað. Íslendingar eru nú þegar orðnir vanir rafrænum tilkynningum sem munu aukast í framtíðinni með tilliti til opinberu stafrænu stefnu stjórnvalda og ekki síst vegna umhverfispáttá.

Niðurlag:

Á grundvelli þess sem hér hefur komið fram telur Creditinfo Lánstraust hf. nauðsynlegt að kveða á um í reglugerðinni að gildissvið reglugerðar sbr. 4. tl. 9. gr. l. nr. 105/2021 verði rýmkað og nái í það minnsta til þeirra tilkynningar sem fjárhagsupplýsingastofum er skylt að senda samkvæmt starfsleyfi Persónuverndar sbr. 15. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

F.h. Creditinfo Lánstrausts hf.

Vilhjálmur Þ. S.

Vilhjálmur Þór Svansson
Forstöðumaður lögfræðisviðs